

UM EDDURIT JÓNS GUÐMUNDSSONAR LÆRÐA

*Andmælaræður Anthony Faulkes og Más Jónssonar við
doktorsvörn Einars G. Péturssonar 13.6. 1998¹*

I

RÆÐA ANTHONY FAULKES

Það eru nú seytján ár síðan ég sat þar sem doktorsefni situr nú, og átti að verja rit um svipað efni. Ég hafði unnið um langt skeið að undirbúningi þessa rits og öðru hverju við Árnastofnun í Reykjavík. Þar komst ég að því að annar maður stritaði einnig við rit eftir lærða menn seytjándu aldar á Íslandi. Þetta var stór og úfinn maður, yngri en ég, en stóð betur að vígi af því að hann var Íslendingur og skildi seytjándu aldar rit miklu betur en ég og hafði lesið meira af þeim. Ég er mjög þakklátur að hafa getað talað við hann þá um bókmenntir og handrit frá þeim tíma, og þannig áttað mig miklu betur og skjótar á þessu efni en ef ég hefði átt að þræða þennan stíg einn og sjálfur. Sá var hængur á að ég var seinn að skilja íslenskt mál, og þessi maður talaði mjög hratt og oftast fyrir munni sér eða í skegg sitt svo að oft gat ég ekki skilið meira en helminginn af því sem hann sagði. Samt lærði ég mikið af honum, og ég fékk að vita að hann rannsakaði rit Jóns lærða og ætlaði að búa þau til útgáfu. Ég vildi gjarnan geta lesið þessi rit Jóns án þess að þurfa að lesa handritin sjálf, en ég hef þurft að bíða þangað til núna, þegar bókin er loks komin út á prenti. Það er langur tími, en ég hafði verið alveg eins lengi að búa rit Magnúsar Ólafssonar til prentunar, og ég skil hve langan tíma þarf til þess konar verka, sérstaklega þegar maður hefur mikið annað að gera.

Margt er sameiginlegt í ritum Jóns lærða og Magnúsar Ólafssonar í Laufási. Báðir skrifuðu bækur sem byggðust á Eddu Snorra Sturlusonar og komu einnig við feril eddukvæða. Báðir voru skáld og höfðu áhuga á fornu máli og íslenskum fornfræðum. Báðir áttu þeir hlut í endurreisn norrænna fræða á Íslandi og erlendis og fengu stuðning frá kirkju og biskupi. En það er líka margt sem er ólíkt með þeim. Magnús Ólafsson var prestur og að sjálfsögðu latínu-

¹ Einar G. Pétursson. 1998. *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða*. Samantektir um skilning á Eddu og Að fornu í þeirri gömlu norrænu kölluðust rúnir bæði ristingar og skrifelsi. Þættir úr fræðasögu 17. aldar. I, Inngangur. II, Texti. Rit 46. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.

lærður, en Jón lærði var leikmaður og ekki lærður í skóla; þó hafði hann lesið mikið á íslensku og kunnir líka þýsku; hann vitnar stundum í þýskar bækur í ritum sínum. Það er fróðlegt að bera saman aðdraganda að ritum þeirra, og einnig þær afleiðingar sem þau höfðu fyrir þá. Magnús skrifaði til að sannfæra valdsmenn um alvörugefni sína og ráðvendni, þar sem hann hafði misst kjólinn vegna barneigna fram hjá eiginkonunni, og vildi fá hann aftur. Þetta tókst honum. Seinna skrifaði hann til að fá vinnuáðstöðu handa syni sínum sem hafði orðið eins konar óreiðumaður við háskólann í Höfn og átti að fara þaðan án vitnisburðar. Jón lærði komst hins vegar í ónád hjá yfirvöldunum og var ákærður fyrir villutrú og fordæðskap, að mestu vegna ritverka sinna. Magnús Ólafsson skrifaði að mestu leyti á dönsku eða latínu fyrir lærdómsmenn í Danmörku, en Jón skrifaði alltaf á íslensku fyrir íslenska klerka og lærdómsmenn, sem virðast hafa litið á hvorn tveggja sem álíka áreiðanlegan í lærdómi sínum. (Þó hefur doktorsefni ekki tekist að sýna fram á, svo að óbyggjandi sé, að Samantektir hafi verið samdar að beiðni Brynjólfs biskups í sambandi við áætlun hans að semja rit um fornan átrúnað, þótt það sé svo sem trúlegt.) Þar sem þeir Magnús og Jón skrifuðu báðir um svipað efni, en annar fékk af því uppreisn æru en hinn var fordæmdur, reyndist það hér sem víðar að segja mátti á latínu það sem var óleyfilegt á móðurmálinu. Til dæmis var það að miklu leyti vegna rúnakunnáttu sinnar að Jón var fordæmdur, en Ole Worm skrifaði heila bók um rúnir í Danmörku, og hlotnaðist ekki annað en vegsemd fyrir.

Í riti þessu kemur fram ný mynd af Jóni Guðmundssyni. Þótt hann væri ekki skólalærður og hafi kunnað lítið í latínu eins og Shakespeare (sem kemur skýrt fram í riti þessu á bls. 347 og 372), var hann alls ekki ólærður og hjátrúarfullur bóndi, eins og sumir hafa haldið fram. Ýmislegt bendir til að hann hafi hneigst nokkuð til kaþólskrar trúar, og þar að auki ól hann í brjósti ýmsan átrúnað sem nú á dögum yrði kallaður hjátrú; einnig sýndi hann í viðskiptum við yfirvöldin ýmis einkenni ofsóknaræðis eins og sést hefur í sumum Íslendingum þá og síðar. Þó virðist sums staðar í ritum hans koma fram einhvers konar efahyggja, sem er óvenjuleg á seytjándu öld; auðvitað jafngildir það þó varla skynsemistrú. Til dæmis má benda á athugasemd skrifara við Samantektir 60.2, sem vitnað er í á bls. 245 (Jón segir að sagan um Loka og Svaðilfara „ma otruligt synaz“; skrifarinn eykur við „það er undarlegt hann efar það heildur enn annað“), og orð Jóns í Samantektum 88.7–9 („æfinntyr, sem menn hafa haft til skilnings reynzlu, enn nu forkastat sakir olijkligleika við þeira skilning sem nu eru“); sbr. 60.22–4. Doktorsefni fjallar um þetta mál í I. bindi, bls. 152, 363 og 364, og telur að Jón hafi ekki „í raun verið hjátrúarfyllri en ýmsir aðrir í samtíð hans“. Jón hafði lesið mikið á íslensku og þýddi ýmislegt úr þýsku, og hann var ekki mjög frábrugðinn Magnúsi Ólafssyni í vísindalegum aðferðum, þó að hann hafi kannski ekki verið eins vísindalegur og áreiðan-

legur í uppskriftum og tilvitnunum; að vísu vitnar hann oftast en Magnús í bækur eftir óáreiðanlegu minni. Sýnt er í þessu riti að viðhorf Jóns til forns átrúnaðar er alveg kristið, og að hann sneiðir hjá því að taka undir innlent og heiðið hugarástand sumra heimilda sinna. Hann hefur líka sérstakan, jafnvel vísindalegan, áhuga á að bera saman norræna goðafræði og Gamla testamentið og forna grísk-rómverska goðafræði (sbr. bls. 43–44: „alls staðar í lausu máli er hann að tengja efni Eddu við Trójumenn og kristni“). Engin ástæða er til að álíta að Jón hafi verið hjátrúarfyllri eða trúgjarnari en flestir samtímamenn hans. Jafnvel má geta þess til að áhugi hans á hjátrú og annarri þjóðfræði hafi vaknað út af beiðni og fyrirsprungnum frá klerklegum velgerðamanni, og að viðhorf hans til slíkra efna hafi því fremur verið vísindalegs eðlis en sprottin af eigin áhuga. Hann var heldur óheppinn með þetta. Vegna þess að hann var svo gjarn að svara spurningum um slík efni varð hann eins konar sérfræðingur í þjóðfræði, þannig að margir hafa haft tilhneigingu til að eigna honum alls konar rit eftir ónafngreinda höfunda, og hefur það síst aukið hróður hans.

Einn gagnlegasti þátturinn í þessu riti varðar feðrun bóka. Mörg seytjándu aldar rit eru varðveitt í handritum án þess að höfundur sé tilgreindur, og mörg eru eignuð mismunandi höfundum. Til dæmis hafa ýmsir fræðimenn eignað Birni á Skarðsá bæði ritin í þessari útgáfu. Það hefur verið mjög erfitt fyrir þá sem rannsaka handrit að skilja hvaða rit eru í tilteknum handritum og hver sé höfundur, því að handritaskrár eru mjög ótraustar um þessi efni. Nú hefur doktorsefni athugað mörg seytjándu aldar rit í handritum og komist að öruggum niðurstöðum um höfunda og tímasetningu, og ég held að rök hans séu nú óhrekjandi. Enginn getur nú efast um að Jón lærði sé höfundur þessara tveggja rita; ennfremur er í öðrum kafla gerð endanleg grein fyrir öllum öðrum ritum, sem Jóni hafa verið eignuð, og öllum ritstörfum hans. Í fyrsta kafla er fjallað um fræðirit seytjándu aldar á Íslandi, og góð grein er gerð fyrir margs konar ritstörfum Íslendinga á þeim tíma og afstöðu fræðimanna til íslenskra fornfræða og forns Þessi hluti verksins mun lengi verða leiðbeiningar- og undirstöðurit handa þeim sem hafa áhuga á bókmenntum og fræðiritum endurreisnartímans á Íslandi.

Í ritinu er fjallað um auknefni Jóns lærða. Stundum hafa fræðimenn hugsað sér að ólærðir almúgamenn, sem hrifnir voru af lærdómi hans, hafi gefið honum nafnið, þar sem hann skráði á bækur á móðurmálinu ýmislegt efni sem áður var aðeins til í munnmælum. En í þessu riti hefur doktorsefni sýnt að ýmsir klerkar litu einnig á hann sem lærðan mann (bls. 82, 90, 130). Þó er það einkennilegt þar sem orðið lærður samsvarar venjulega *litteratus* eða *grammaticus*, og er notað um latínulærða menn eins og Arngrím Jónsson. Mér dettur í hug að auknefni eða rangnefni Jóns hafi fyrst verið notað í háði af fjandmönnum hans, sem voru margir, og að síðar hafi það orðið virðingarnafn hans, eins og stundum verður með uppnefni. Þó verður að viðurkenna að

orðið er stundum notað um galdrakunnáttu, og fyrir koma dæmi um notkun orðsins í þeirri merkingu, en þau eru að vísu öll eftir tíma Jóns.

Rækileg grein er gerð fyrir heimildum, bæði þeirra tveggja rita sem prentuð eru í bókinni og einnig annarra rita Jóns. Flest er að sjálfsögðu úr íslenskum miðaldabókum, en stundum er vitnað í útlendar bækur, einkum þýskar. Stundum er erfitt að skilja við hvaða bók er átt þar sem tilvitnanir eru mjög ónákvæmar, eins og títt var á þessum tíma. Þegar doktorsefni hefur fært saman svo mikil fræði á svo stóra bók, má það sýnast dónalegt að kvarta um að hann hefði stundum mátt ganga nokkru lengra í leit að slíkum heimildum. En sjálfur viðurkennir hann að stundum hafi honum láðst að fara eins langt og hægt var. Víst er ég sammála því að ekki hafi það verið skylda hans að fara að leita að steinum í Bjarnarey sem á að vera með áletrun eftir Jón (sjá bls. 84–85). En á bls. 65 er fjallað um „stóra grasabók, sem prentuð var í Frankfurt am Main ... nú ætti að vera auðveldara að reyna að finna við hvaða grasabók er átt, fyrst útgáfustaðurinn er kunnur“. Til er skrá yfir fornar prentaðar bækur í bókasafni í Wolfenbüttel (Herzog August Bibliothek Wolfenbüttel. *Verzeichnis medizinischer und naturwissenschaftlicher Drucke 1472–1830*, 8, 1978). Þar er skráð ríflega tylft rita um grös og jurtir, sem prentuð voru í Frankfurt á sextánda öld, og sum þeirra eru á þýsku. Ennfremur er sennilegt að átt sé við sömu bók og hér er vitnað í á bls. 247 sem „Um nockrar Grasa Náttúrur, af D. Alberto“; trúlega er þetta Albertus Magnus *De virtutibus herbarum* sem prentuð var í Frankfurt á þýsku sautján sinnum milli 1531 og 1592 (sjá *Verzeichnis der im deutschen Sprachbereich erschienenen Drucke des XVI. Jahrhunderts*, Abteilung 1, vol. 1, 1983:195–199). Nú er einnig hægt að leita víðar að bók sem prentuð var í Lübeck og talað er um á bls. 334, þó að ekki hafi mér tekist að finna hana. Ekki gat ég heldur fundið neina bók eftir Johannes Herolt aðra en þær sem eru á latínu (sjá bls. 347; vitnað í af Jóni lærða í Samantektum bls. 53.25), en vissulega væri betra að leita í þýskum söfnum heldur en í Library of Congress. Þó að það sé rétt sem sagt er á bls. 398, að erlend rit „hafa ekki skipt verulegu máli fyrir efni *Smt*“, munu þau samt hafa verið þýðingarmikill þáttur í menntun Jóns yfirleitt, og það varpar miklu ljósi á mynd mannsins að vita nákvæmlega hvaða bækur þetta voru.

Ástæða er til að ætla að ýmislegt í ritum Jóns lærða sé byggt á þjóðsögum eða munnmælum. Þegar svo er, virðist doktorsefni lítið hafa reynt að athuga nánar hvaða hliðstæður eða samsvaranir megi finna í þjóðfræðum á Íslandi eða öðrum löndum. Það sem segir um Finna á bls 53.27–54.3 í Samantektum (sbr. bls. 348 í Inngangi), á sér til dæmis að nokkru leyti samsvörun í Historia Norvegiæ. Hægt hefði verið að leita í sagnaminnaskrá Stith Thompson, Boberg, og Aarne-Thompson að minnum eins og sögu manns sem bjó með selkonu og fólki sem sefur allan veturinn (bls. 352–353, 382). Sú fyrri á sam-

svörun hjá Stith Thompson B81.2.1 (Mermaid has son by human father; sjá Boberg, sem vitnar í Þiðreks sögu, I:46, II:63–4, 395) og B651.8. Hið er hjá Stith Thompson sem nr. F564.3.1. Sagan í Samantektum 60.14–21, um akkeri sem kom niður úr lofti, er sögð vera úr Konungskuggsjá, þó að viðurkennt sé (bls. 363–364) að Jón muni hafa þekkt hana úr munnmælum fremur en af bók. En leit í sagnaminnaskrár mundi kannski hafa skorðið úr um hvort heimild hans var í raun og veru óháð Konungskuggsjá. Til dæmis eru ‘magic airships’ hjá Stith Thompson, D1118. Á bls. 324 segir að hugmyndin um að jötnar séu komnir frá Kain, hinum fyrsta manndrápara, sé ályktun Jóns sjálfs, en sama hugmynd kemur fram í engilsaxnesku kvæði, Bjólfskviðu, og er líka þekkt úr ritum kirkjuféðra og talin vera ályktun frá fyrstu bók Móse, 6. k.; en að Kain hafi reist borg eða vígi, sem sagt á bls. 313 að gæti verið orðamanur úr *O eða úr óþekktri heimild, er beint úr 4. kafla í fyrstu bók Móse.

Jafnvel þegar samsvörun er að finna í íslenskum fornritum eru tilvitnanir ekki alltaf fullnægjandi. Til dæmis segir á bls. 339–340 að Svíþjóð hin kalda eða mikla sé ekki nefnd í Snorra Eddu, og það er rétt, en í Þórsdrápu Eilífs Guðrúnarsonar, sem er aðeins þekkt úr Skáldskaparmálum, er nefnd Svíþjóð kólga, og er trúlega hin sama, og bæta hefði mátt við að Svíþjóð hin kalda eða hin mikla er nefnd nokkrum sinnum í Ynglinga sögu Snorra, í Danasögu Arngríms Jónssonar og víðar, t.d. í Þorleifs þætti jarlsskálds. Um særinguna Sator arepo (bls. 393–4) hefði verið gott að vitna í *Alfræði íslensk* III:113. Bragarhættinum á vísunni á bls. 91.1–9 í Samantektum (sjá bls. 393 í Inn-gangi) svipar til 77. vísu í Háttatali, þó að hann sé ekki alveg eins, en þar heitir hann hálfhneppt. Þessi háttur, eða afbrigði af honum, finnst allvíða í verkum fornskálda. Á bls. 328 er sýnt að Jón lærði notaði árið 1641 handrit sem er skylt AM 568 4to, kannski forrit þess. Fróðlegt hefði verið að taka fram að Magnús Ólafsson notaði í orðabók sinni náskylt handrit, kannski það sama, um 1630 (sjá Anthony Faulkes 1964:79–85).

Ýmsar vísur eftir Jón lærða eru í ritum hans og bæði í þeim og lausu máli hans koma fyrir sjaldgæf og stundum einkennileg orð, eins og t.d. alfrí og orðhelgi (í Samantektum 62.11; sjá bls. 310 og 365). Fyrri orðið sýnist vera eins konar samsvörun orðsins antinomianism (mótsagnarstefna) svipað hugmynd Nietzsches í *Jenseits von Gut und Böse*. Það hefði verið gaman að tína saman slík orð í ritum Jóns og nota seðlasafn Orðabókar Háskólans til að skera úr um hvort þau eru nýsmíði hans sjálfs eða koma fyrir annars staðar.

Einn mikilvægasti þáttur í ritinu er í 6. kafla, þar sem fjallað er um notkun handrita eddukvæða. Það er nokkurn veginn víst að Jón lærði þekkti handrit eddukvæða sem nú eru ekki lengur til, þó að gildi tilvitnanna hans rýrni mjög af þeim sökum að alltaf leikur grunur á að hann vitni í texta eftir minni. Tilvitnanir hans eru hvort sem er oft svo ónákvæmar og ótraustar að varla er

hægt að gera sér nokkra hugmynd um heimildir hans í smáatriðum. En doktorsefni hefur gert nákvæma grein fyrir notkun eddukvæða á fyrsta helm- ingi seytjándu aldar og hlut Jóns lærða í þróun hugmynda fræðimanna um Sæmundar Eddu áður en Brynjólfur Sveinsson rakst á Konungsbók. Varla er hugsanlegt að hægt verði að segja meira um þetta efni en nú hefur verið gert.

Það er bara eitt mikilvægt atriði sem ég get ekki verið doktorsefni sam- mála um, og þetta varðar það handrit Snorra Eddu sem Jón lærði á að hafa lagt til grundvallar í Samantektum. Aðeins er hægt að sýna fram á tengsl handrita af sameiginlegum villum; sameiginlegir leshættir sanna í sjálfu sér ekki að tiltekið handrit sé runnið frá öðru, af því að þeir geta alltaf verið komnir frá sameiginlegu forriti. En jafnvel sameiginlegar villur sanna það ekki heldur nema þær séu margar, af því að skrifarar villast oft á sama veg, þó að ekki séu tengsl á milli. Og þó að tiltekið handrit sé mjög frábrugðið öðru, getur það verið runnið frá því ef lesbrigðin koma ekki fyrir annars staðar. Skrifarar voru alltaf að breyta, og Jón lærði gerði það oftár en aðrir. Og ef einhver hefur breytt textanum, hvers vegna á það alltaf að hafa verið skrifari forritsins fremur en skrifari eftirrits? Lesbrigði sýna í sjálfu sér ekki að skrif- ari hafi notað annað forrit nema villur séu sameiginlegar öðru handriti. Marg- ir mundu segja að stundum sé hægt að sanna að tiltekið handrit sé ekki eftirrit tiltekings handrits en aldrei að tiltekið handrit sé beint eftirrit annars.

Í þessu sambandi má nefna það að sum lesbrigði á bls. 268 í þessari út- gáfu styðja ekki ættarskrá handrita á sömu blaðsíðu. Einnig má nefna að aldrei má draga ályktanir af sameiginlegum úrfellingum, eins og gert er á ýmsum stöðum í þeim kafla, þar sem úrfellingar þurfa ekki að stafa frá forriti.

Til eru þrjú aðalhandrit af Snorra Eddu frá miðöldum, Konungsbók, Ormsbók og Uppsalabók. Texti Jóns lærða í Samantektum hefur sameigin- lega leshætti með öllum þremur, stundum í sömu grein. Þannig er víst að texti hans er ekki runninn frá einu einstöku skinnhandriti. Þar sem ómögulegt er að hann hafi haft aðgang að öllum skinnhandritunum þremur þegar hann var að skrifa Samantektir, sýnist mér augljóst að hann hafi annaðhvort notað handrit með blönduðum texta runnum frá þessum skinnhandritum, eða að hann hafi notað eftirrit af skinnhandritunum; þó má vel vera að stundum hafi hann tekið upp leshætti úr einu eða öðru handriti eftir minni. (Hann hafði áður fyrir skrif- að beint eftirrit Uppsalabókar.) Víst má vera að önnur skinnhandrit hafi verið til, óháð þeim þremur sem áður voru greind; eitt var forrit Trektarbókar, sem var skrifuð um 1595 á Vestfjörðum. Texti þess var mjög svipaður texta Kon- ungsbókar en stundum líkari Ormsbók. En óhugsandi er að til hafi verið skinnhandrit óháð öðrum með texta sem var stundum sameiginlegur Kon- ungsbók og Ormsbók, en stundum Uppsalabók, þar sem hin síðast talda er svo frábrugðin öðrum handritum að sennilegast er að hún stafi frá öðru eigin-

handarriti höfundar, kannski uppkasti; þar að auki er texti Uppsalabókar stundum svo stytur og oft meiningarlaus að sjaldnast þykja lesbrigði hennar annað en villur. Ég þekki ekki einn einasta leshátt í texta Jóns lærða sem getur verið úr óháðu skinnhandriti, þar sem hin skinnhandritin, sem til eru, hafa sameiginlega villu. Til dæmis er í formála Snorra orðið 'höfuðtungur', sem útgefendur hafa talið ritvillu og ætti að standa *höfðingjar* (*Edda Snorra Sturlusonar* 1931:4.4). Sú villa (ef hún á að heita það) er í Ormsbók og Uppsalabók og Trektarbók (greinina vantar í Konungsbók), og einnig hjá Jóni lærða.

Á ýmsum stöðum í 5. kafla er rætt um lesbrigði frá skinnhandritum í Samantektum, og segir t.d. (bls. 290) „*Líklegasta skýringin er sú að þessi viðbót hafi verið eftir öðru handriti*“, sem doktorsefni merkir O með stjörnu, þ.e.a.s. að það er ekki lengur til. Mér þykir trúlegt að það hafi aldrei verið til, og að viðbótin stafi frá Jóni sjálfum eða misminni hans. Á öðrum stöðum (bls. 295) segir að tiltekið lesbrigði sé „*mjög traust dæmi um sjálfstæði Á*“ (Á er aðalhandrit Samantekta), en ekki er önnur ástæða til að álíta það en að texti Jóns er öðruvísi en í skinnhandritunum. Það kemur oft fyrir að texti Jóns sé lausleg uppskrift texta skinnhandrita og engin ástæða er til að halda að hann sé nær texta Snorra en það sem stendur í öðrum uppskriftum. Ég held að aldrei sé, eins og doktorsefni kemst að orði, „*edlilegast að líta svo á, að textinn sé sjálfstæður, kominn af *O*“ (bls. 297) eða: „*Skynsamlegasta skýringin er, að forrit Smt hafi verið sjálfstæður texti, ekki kominn af neinu varðveittu handriti Eddu*“ (bls. 297). Enn verra er þegar stendur: „*Hér er ... greinilega [eða augljóslega] sjálfstæður texti*“ (bls. 294, 295). Satt að segja bera margar klausur, sem hér er talið að séu úr *O, augljós merki máls seytjándu aldar, og geta ekki verið úr fornu handriti (t.d. neðst á bls. 296: „*hversu þeir folsuðu frasagnir Troverskra tíþinda sem forðum giorðuz til þess, at Landz folkit, þar þeir voru eðr foru, skylldu trua Þa Guðe vera*“).

Þannig veit ég ekki hvernig hægt væri að nota texta Jóns lærða í útgáfu Snorra Eddu, þó að doktorsefni skrifði (bls. 299): „*Útgefendur Snorra-Eddu munu hér eftir þurfa að taka tillit til texta Smt*“. Auðvitað stendur á eftir: „*ekki verður reynt að gefa reglur um hvernig með skuli fara*“, enda er það ekki hægt. Þó að satt væri að lesbrigði Samantekta væru stundum úr óháðu handriti, hefði texti þess verið svo illa ritaður að varla mundi nokkur útgefandi vilja taka leshætti þess fram yfir varðveitt skinnhandrit.

Ég hef áður fjallað um texta Samantekta og komist að ýmsum niðurstöðum um uppruna hans. Ég tek það ekki mjög nærri mér þó að doktorsefni sé ósammála (bls. 205–207) því sem ég skrifaði um NKS 1885 b 4to í útgáfu Eddu Magnúsar Ólafssonar, og því sem ég skrifaði um texta Jóns lærða í *Griplu* 1979. Ég er sjálfur ósammála því, og greinin var ekki skrifuð alveg í

alvöru. Doktorsefni veit miklu meira um texta Samantekta en ég, svo að ekki sé minnst á skilning hans á ritverkum seytjándu aldar yfirleitt og vitneskju um skrifara og samband handrita á þessum tíma. Ég held að skýring hans á texta N (bls. 207) sé miklu betri og sennilegri en mín, þó að báðar séu ágiskanir sem verða hvorki sannaðar né afsannaðar. En ég held að hann hafi eitthvað misskilið það sem ég átti við í *Griplu* (Faulkes 1979b). Fyrsta blað vantar í Konungsbók Snorra Eddu, en ég hugsaði mér að kannski væru til pappírshandrit runnin frá týnda blaðinu sem mætti nota til að endurgera það sem vantar, eins og Jón Helgason sýndi í *Nordælu* (1956:110–148) að væri hægt með texta Egils sögu sem vantar í Möðruvallabók og Wolfenbüttelbók. Eitt þeirra pappírshandrita sem ég notaði var texti Samantekta. Nú er hvort tveggja, að ekki er hægt að sanna að tiltekin pappírshandrit séu runnin eingöngu frá tilteknu skinnhandriti, sérstaklega ef það er týnt; enda er aldrei hægt að sanna að leshættir í slíkum handritum stafi frá frumriti. Ég hélt að það mundi vera augljóst að tilraun mín hafði þar mistekist. Eins og oftár, reyndist það hættulegt að benda of gætilega á eitthvað eða nota kímni í fræðiriti án þess að láta skýrt í ljós hvað maður eigi við.

Jón lærði talar sjálfur um að hann hafi haft fleiri en eitt handrit Snorra Eddu milli handa, þó að hann hafi sum þeirra ekki lengur hjá sér. Oftast nefnir hann slík handrit til að benda á að oft hafi vantað í þau, svo að það er augljóst að hann notaði ýmis handrit aðallega til að hafa sem fyllstan texta. Þannig koma fyrir orðin „sumar Eddr“ 20.13, „í þeirri stærri Eddu“ 37.18–19, „smaeddu“ 51.19; „Jeg hefi ecki til Þa stærri um sinn“ 71.4; sbr. 81.4–5. Hann hafði sjálfur skrifað upp Uppsalabók löngu fyrr, handrit það er nú í Oxford, og þó að hann hafi hvorki haft forritið né þetta eftirrit hjá sér þegar hann skrifaði Samantektir, má vel vera að hann hafi gert aðra uppskrift fyrir eigin afnot, eða kannski útdrætti handa sjálfum sér. Hann vitnar í eitt handrit sem hann hafi séð í ungdómi sínum, og orðin „fullri Eddu“ þar (91.11) sýnast eiga við Uppsalabók eða uppskrift hennar, og vel má vera að hann hafi munað eftir ýmsu í þeirri bók og öðrum (sbr. „Her um segia margar Eddr“ 74.10), þótt varla geti allir leshættir í Eddu hans, sem stafa frá Uppsalabók, verið settir inn eftir minni. En ótrúlegt er að nokkurt efni í slíkum handritum, sem hann hafði séð og ekki var úr varðveittum skinnhandritum, sé úr óháðu miðaldahandriti. Slík efni í Eddu hans eru bara uppspuni seinni skrifara. Sbr. 299, 393.

Til eru aðrar uppskriftir Snorra Eddu frá seytjándu eða átjándu öld sem hafa blandaða texta, þó að ekki sé hægt að sýna að Jón lærði hafi þekkt neitt þeirra. Magnús Ólafsson í Laufási notaði aðallega Ormsbók, en hafði að minnsta kosti eitt annað handrit sem hann tók ýmislegt efni úr. En seinni skrifarar, sem gerðu uppskriftir eftir Eddu hans, bæta við efni úr öðrum handritum eða breyta texta hans eftir þeim á ýmsum stöðum, eins og sést í útgáfu

Resens. Svo kölluð Hraundalsedda hefur texta sumpart úr Konungsbók eða Ormsbók en sumpart úr Uppsalabók, alveg eins og Samantektir, þó að ég telji ekki að þessar gerðir séu skyldar. Sama er að segja um Svefneyjaeddu sem er tengd Eggert Ólafssyni frá Svefneyjum. Þar er efni úr öllum þremur skinnhandritum og einnig sitthvað úr Laufás Eddu og útgáfu Resens og öðrum heimildum. Þá er Codex Sparfvenfeldianus sem sennilega var skrifað fyrir Þorlák biskup Skúlason 1641 og hefur texta blandaðan úr Konungsbók og Uppsalabók og sumt úr Laufás Eddu (fjallað er um allar þessar eddugerðir í Faulkes 1979a, Introduction). Langsennilegast er að allir þessir blönduðu textar, þar á meðal Edda Jóns lærða, séu orðnir til á sama hátt. Þeir eru settir saman af skrifurum sem höfðu aðgang að skinnhandritunum sem enn eru til, eða öllu heldur að eftirritum þeirra, sem eru mörg, og tóku úr hverju handriti það sem þeim sýndist, sérstaklega það sem eitt handrit hafði fram yfir hin, en skrifuðu oft frjálstlega upp og notuðu eigin orðaforða eða skýringar þegar frumritin þóttu illskiljanleg. Eins og sagt hefur verið áður, er aldrei hægt að sanna að slíkir textar hafi einnig efni úr týndum miðaldahandritum; og aldrei er hægt að afsanna það heldur.

Um frágang texta í útgáfunni vil ég segja að hann er unninn af mestu nákvæmni og umhyggju. Aðeins er tvennt sem ég vil vekja athygli á. Útgefandinn hefur kosið að reyna „að hafa stóra stafi og litla í samræmi við það sem er í handritinu“ nema að stórir stafir eru alltaf notaðir fyrir sérnöfn (sjá bls. 190–191). Þegar ég var að búa Eddu Magnúsar Ólafssonar til prentunar fyrir Stofnun Árna Magnússonar, vildi ég gera þetta líka, og svo varð það í fyrstu próförk. Þá var mér sagt að það væri vitlaust að hafa stóra stafi og litla alveg af handahófi eins og var í handritum, þó að farið væri eftir eiginhandarriti höfundarins, og að það yrði að hafa einhverja reglu. Svo varð ég að breyta öllu í próförkinni. En í Samantektum er farið eftir ýmsum handritum, en aldrei eiginhandarriti, og það er eins og á öllum handritum, að oftast er óvíst hvort ritarinn hefur viljað skrifa stóran staf eða lítinn. Nú finnst mér að stofnunin ætti að athuga stefnu sína aftur og íhuga hvaða gagn er í því að prenta texta svo nærri stafsetningu og greinarmerkjasetningu seinni alda skrifara, þó svo að leyst sé úr böndum og ekki alltaf haldið línu- og greinaskilum. Textinn verður erfiður aflestrar og torskildari, en lesandi er engu nær um ritvenju höfundarins.

Þá hefur útgefandi reynt að greina sundur orð Snorra og orð Jóns lærða með því að nota stærra letur fyrir frumtexta Eddu, og minna fyrir viðauka Jóns. Eins og viðurkennt er í formálanum, er oft „erfitt að vera viss um, hvornig greina skuli milli Eddutexta og viðbóta Jóns lærða“ (bls. 273), sérstaklega þegar eddutextinn er svo frábrugðinn öðrum textum að erfitt er að vita hvort hann sé fremur ónákvæm uppskrift eða minnisgrein Jóns. En ef

greina á sundur á annað borð, þætti mér miklu betra að prenta orð Jóns með stærra letri en eddutextann með minna. Eins og áður segir er eddutexti Jóns lítills verður í sjálfum sér, ónákvæmur og sennilega runninn að mestu leyti frá þekktum handritum sem enn eru til. En það sem er frá hendi Jóns sjálfs hefur ekki verið prentað áður í heild sinni, er mjög fróðlegt, sérstaklega þau kvæði sem eru í ritinu, sennilega eftir hann sjálfan, og þetta allt varpar miklu ljósi á hugsunarhátt lærðra og ólærðra manna á Íslandi á seytjándu öld. Því hefði verið rétt að láta orð Jóns njóta sín betur fremur en láta þau standa í skugga vöndrar uppskriftar miðaldarits.

En það er gott að eiga loksins, eftir svo mörg ár, útgáfur að þessum tveim ritum Jóns, og ég hlakka til þess að sjá önnur ritverk hans í vísindalegum útgáfum. Ég held að fróðlegasti partur rita Jóns lærða sé það sem hann hefur sjálfur skrifað, en ekki það sem hann hefur úr fornum ritum, og það sem hann kvað hefði átt að prenta með stóru letri. Ekki held ég að rétt sé að segja um rit Jóns, það sem Magnús prestur Ólafsson sagði um goðafræði, „Meræ ibi nugæ et minus dignæ in qvibus bonæ perdantur horæ“ ‘hreinn hégómi, og ekki þess verður að eyða í hann góðum stundum’ (Faulkes 1979a:15). En kannske er sannlegt að minna á önnur orð sem Magnús tók upp um sjálfs sín fræðirit (Faulkes 1979a:312): „að því verður spurt, þá frá líður, hver kvað, en eigi hversu lengi var að verið“.

RITASKRÁ

- Aarne, A. og Thompson, S. 1973. *The Types of the Folktale*. Academia Scientiarum Fennica. Helsinki.
- Alfræði íslensk* III. 1917–1918. Útg. Kr. Kálund. STUAGNL 45. København.
- Boberg, I. M. 1966. Motif-Index of Early Icelandic Literature. *BA* 27. Munksgaard, Copenhagen.
- Edda Snorra Sturlusonar*. 1931. Útg. Finnur Jónsson. København.
- Faulkes, Anthony. 1964. The Sources of Specimen Lexici Runic. *Íslensk tunga* 5:30–138.
- Faulkes, Anthony (útg.). 1979a. *Edda Magnúsar Ólafssonar (Laufás Edda)*. *Two Versions of Snorra Edda from the 17th Century*. 1. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Faulkes, Anthony. 1979b. The Prologue to Snorra Edda. An attempt at Reconstruction. *Gripla* 3:204–213.
- Herzog August Bibliothek Wolfenbüttel. *Verzeichnis medizinischer und naturwissenschaftlicher Drucke 1472–1830*. 8. 1978. Ed. Ursula Zachert. KTO Press, Nendeln, Liechtenstein.
- Jón Helgason. 1956. Athuganir um nokkur handrit Egils sögu. *Nordæla*. Afmælis-
kveðja til Sigurðar Nordals:110–148. Helgafell, Reykjavík.
- Thompson, S. 1955–1957. *Motif-Index of Folk-Literature*. Rosenkilde & Bagger, Copenhagen.
- Verzeichnis der im deutschen Sprachbereich erschienenen Drucke des XVI. Jahrhunderts*. 1983–. Útg. Irmgard Bezzel. Hiersemann, Stuttgart.
- Þiðreks saga af Bern*. 1905–1911. Útg. H. Bertelsen. STUAGNL 34. København.

Department of English
The University of Birmingham
Edgbaston
Birmingham B15 2TT
U.K.
a.r.faulkes@bham.ac.uk